ORKUBÚ VESTFJARÐA

# Velkomin á Aðalfund Orkubús Vestfjarða 2021

Haldinn í fjarfundi frá   Stakkanesi 1,  Ísafirði

21. maí 2021   Fundur hefst kl. 13:00

# Dagskrá

1. **Skýrsla stjórnar**
2. Skýrsla orkubússtjóra
3. Ársreikningur félagsins vegna ársins 2020
4. Stjórnarkjör
5. Kjör endurskoðenda
6. Ráðstöfun á hagnaði ársins 2020
7. Laun stjórnar
8. Starfskjarastefna fyrir Orkubú Vestfjarða
9. Önnur mál, löglega upp borin

ORKUBÚ VESTFJARÐA

# Skýrsla stjórnar
# Illugi Gunnarsson



# Dagskrá

1. Skýrsla stjórnar
2. **Skýrsla orkubússtjóra**
3. Ársreikningur félagsins vegna ársins 2020
4. Stjórnarkjör
5. Kjör endurskoðenda
6. Ráðstöfun á hagnaði ársins 2020
7. Laun stjórnar
8. Starfskjarastefna fyrir Orkubú Vestfjarða
9. Önnur mál, löglega upp borin

ORKUBÚ VESTFJARÐA




# Skýrsla Orkubússtjóra
# Elías Jónatansson

# Yfirlit um framkvæmdir

# Orkusvið - framkvæmdir

## Árið 2020

- 1127 m djúp hola á jarðhitasvæðinu á Laugum í Súgandafirði var tekin í notkun í maí. Vonir standa til að holan geti orðið til þess að Suðureyri verði sjálfbær með jarðhita.
- Berglekt var könnuð með dæluprófunum úr gamalli 100 metra djúpri hitastigulholu undir Geirseyrarmúla á Patreksfirði. Lektin úr svo grunnri holu nægir ekki fyrir varmadælu sem verið gæti hluti af orkuöflun fyrir rafkyntu hitaveituna á staðnum.
- Endurnýjun á hluta af gangráð þverárvirkjunar í Steingrímsfirði.
- Forathuganir á mögulegum virkjunarkostum á austur hluta Glámuhálendis.
- Tröllárvirkjun 13,7 MW lögð inn í rammaáætlun 4.
- Fengið rannsóknarleyfi vegna áætlana um virkjun í Þjóðbrókargili í Selárdal inn af Steingrímsfirði í Strandabyggð

## Árið 2021

- Ljúka á vinnu við endurnýjun á gangráð fyrir Þverárvirkjun og uppfæra húskerfi virkjunarinnar.
- Endurbætur á yfirfalli i Kotskarði við stíflu Þverárvirkjunar.
- Endurbætur á inntaki Tungudalsvirkjunar.
- Ljúka á forathugun virkjana í Kjálkafirði og Vatnsfirði.

ORKUBÚ VESTFJARÐA

# Veitusvið - helstu framkvæmdir

## Árið 2020

- Spennistöðvar í Dýrafjarðargöngum voru tengdar og göngin spennusett. 11kV, 240q jarðstrengur er nú á milli Mjólkárvirkjunar og Þingeyrar.
- Breytingar voru gerðar í aðveitustöð Breiðadal. Skipt var um aflspenni og skilið á milli dreifikerfis og flutningskerfis.
- Búnaður var endurnýjaður í spennistöð við Skeiði Dýrafirði.
- Hafist var handa við endurnýjun Rauðasandslínu með jarðstreng.
- Plægðir voru jarðstrengir víða um dreifikerfið í stað loftlína.
- Tekið var í notkun nýtt geymsluhúsnæði á Patreksfirði.
- Við Hríshól í Reykhólahreppi var sett upp nýtt rofahús á Reykhólalínu.
- 33 kV aflrofi fyrir Hólmavíkurlínu 2 var endurnýjaður í aðveitustöð í Geiradal.
- Varaaflsvél 1,2 MW var bætt við á Flateyri.

## Árið 2021

- Settur verður upp nýr aflspennir í aðveitustöð Patreksfirði. Þetta verk, ásamt nokkrum öðrum, frestaðist frá síðasta ári vegna tafa á afhendingu sökum Covid.
- Á Keldeyri verður aflspennir endurnýjaður. Einnig verður skipt um háspennubúnað.
- Lagður verður jarðstrengur meðfram þjóðvegi í Staðardal. Með þeirri framkvæmd verður hægt að spennuhækka í 19 kV í Ísafjarðardjúpi.
- Haldið var áfram að bæta dreifikerfið með jarðstrengjum. Plægt verður m.a. í Tálknafirði, Önundarfirði, Trékyllisheiði og Súgandafirði
- Millispennir fyrir Norðurlínu verður stækkaður við Selá Steingrímsfirði.

ORKUBÚ VESTFJARÐA

# Mannauðurinn

- Alvarlegt slys sem varð í aðveitustöð í Breiðadal í september minnti okkur á hversu hættulegt starfsumhverfi margir okkar starfsmanna búa við.
- Það gengur kraftaverki næst að Pétur hafi komist lífs af eftir slysið.
- Hárrétt viðbrögð starfsmanna sem komu að, viðbragðsaðila og heilbrigðisstarfsmanna skiptu sköpum
- Pétur hefur sýnt ótrúlegt baráttuþrek og er kominn lengra í sínum bata en við hefðum þorað að vona, enda þótt langt sé í land.

- Pétur á vísan stuðning okkar allra í bataferlinu!

# Viðhorf viðskiptavina

**Úr árlegri könnun GALLUP**

ORKUBÚ VESTFJARÐA

# Viðskiptavinir eru almennt ánægðir með þjónustuna

## Þegar á heildina er litið, versu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með þjónustu Orkubús Vestfjarða?



# Viðskiptavinir upplifa smávægilega fjölgun truflana á milli áranna 2020 og 2021

## Telur þú að rafmagnstruflunum á þínu svæði hafi fjölgað eða fækkað á síðustu 12 mánuðum samanborið við 12 mánuði þar á undan?



# Áfram er mikil ánægja með starfsfólk Orkubúsins

## Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með viðmót og framkomu starfsfólks Orkubús Vestfjarða?



# Blámi

Að verkefninu standa

Landsvirkjun
Orkubú Vestfjarða
Vestfjarðastofa

## Um hvað snýst Blámi ?

- Áherslan er á orkuskipti og orkutengda nýsköpun á Vestfjörðum
- Leiða á saman aðila sem geta í sameiningu aflað alþjóðlegs fjármagns til tilrauna, rannsókna og þróunar á orku- og loftslagsvænum lausnum
- Ýta undir að verkefni og tækifæri sem skapast á svæðinu þróist í átt að hringrásarhagkerfi
- Byggja á svæðisbundnum styrkleikum, innviðum, fyrirtækjum og mannafla sem til staðar er
- Verkefnið hefur þegar verið fjármagnað til þriggja ára
- Þorsteinn Másson, viðskiptafræðingur frá Háskólanum á Akureyri er framkvæmdastjóri verkefnisins, en rannsókna- og þróunarstjóri verður kynntur til sögunnar fljótlega

OV vinnur markvisst að uppbyggingu hleðslukerfis fyrir rafbíla á Vestfjörðum

en fagnar jafnframt samkeppni sem þýðir fleiri hleðslustöðvar inn á svæðið

# Rafbílavæðing - hraðhleðslustöðvar

- 50 kW hraðhleðslustöðvar eru nú staðsettar á
- Hólmavík, í Bjarkalundi, í Flókalundi og á Patreksfirði en einnig er 22 kW stöð í Reykjanesi við Ísafjarðardjúp.
- Á árinu 2021 er áformað er að setja næstu kynslóð hraðhleðslustöðva sem eru 150 kW upp á Ísafirði, á Hólmavík og í Bjarkalundi til að auka aðgang bifreiðaeigenda sem ferðast á milli landshluta, að hraðhleðslu.
- Samkeppnisaðilar geta sett upp hleðslustöðvar á veitusvæði OV, enda eru hleðslustöðvarnar á samkeppnismarkaði.
- Tvíorkubifreiðum fjölgar, en einnig hreinum rafmagnsbifreiðum

**Samkvæmt árlegri Gallup könnun fyrir Orkubú Vestfjarða**

Rafbílaþróunin er byrjuð – tvíorkubílar hafa tvöfaldast á síðustu þremur árum – yrðu 50% árið 2030 með óbreyttri þróun

# Er rafbíll eða tvíorkubíll (hybrid) á þínu heimili?



# Tækifærin eru í orkunni !

Vestfirðir eiga ótal tækifæri………



# Tækifæri Íslands núna er einstakt á heimsvísu

Tækifærið
felst í að drífa íslenska hagkerfið með  innlendri hreinni orku

Við ættum að grípa það !

## Raforkukerfið þarfnast

## orkuframleiðslu innan Vestfjarða

# Vestfirðir eiga tækifæri í orkuskiptum!

- Framleiðsla á bilinu 10 til 20 MW til viðbótar í grennd við Mjólká þýddi að þar mætti tryggja N-1
- Raforkuframleiðsla af stærðargráðunni 5 til 10 MW í grennd við Hólmavík þýddi N-1 þar
- Þarf að stefna að því að uppsett afl á Vestfjörðum verði yfir 50 MW
- Afhendingaröryggið yrði ekki lengur háð einni línu frá megin flutningskerfinu – byggðalínuhringnum
- Orkuvinnsla innan svæðisins er raunhæfari leið en tvöföldun á 160 km langri línu frá Hrútatungu í Mjólká og örugglega þjóðhagslega mun hagkvæmari

# Dagskrá

1. Skýrsla stjórnar
2. Skýrsla orkubússtjóra
3. **Ársreikningur félagsins vegna ársins 2020**
4. Stjórnarkjör
5. Kjör endurskoðenda
6. Ráðstöfun á hagnaði ársins 2020
7. Laun stjórnar
8. Starfskjarastefna fyrir Orkubú Vestfjarða
9. Önnur mál, löglega upp borin

ORKUBÚ VESTFJARÐA

ORKUBÚ VESTFJARÐA

# Kynning ársreiknings 2020

# Orkuöflun 2020 samtals 275,8 GWST

Vegna raforkusölu
172,2 GWst

## Eigin raforkuframleiðsla vex um 7%




Eigin vinnsla 56,9% Orkukaup 43,1%

Vegna hitaveitusölu
103,6 GWst

## Raforka til hitunar óbreytt frá 2019




Eigin vinnsla 18,5% Orkukaup 81,5%

# Rekstur 2020

- Tekjur af raforkusölu námu 909 m.kr og hækkuðu um 7%
- Tekjur af raforkudreifingu voru 1.229 m.kr og hækkuðu því um 5%
- Tekjur af sölu á heitu vatni námu 750 m.kr og hækkuðu um 5% á milli ára
- Tekjuaukningin nam samtals 215 m.kr

- Kostnaðarverð seldra vara nam 1.335 m.kr, en var 1.243 m.kr og hækkar því um 7%
- Laun og launatengd gjöld námu 926 m.kr á árinu 2020. Þar af voru eignfærð laun vegna nýframkvæmda 124 m.kr.
- Stöðugildum fækkaði um 1.
- Annar rekstrarkostnaður lækkaði um 5 m.kr

**Breytingar á milli ára í m.kr.**



# Rekstur 2020

| | 2020 | 2019 |
|---|---|---|
| Rekstrartekjur | 3.107 m.kr | 2.892 m.kr. |
| Rekstrargjöld | 2.392 m.kr | 2.274 m.kr. |
| **Rekstrarhagnaður** | **715 m.kr** | **618 m.kr** |
| Afskriftir | 378 m.kr | 360 m.kr |
| Fjármagnsgjöld | 16 m.kr. | 28 m.kr |
| Tekjuskattur | 77 m.rk | 43 m.kr |
| **Hagnaður ársins** | **243 m.kr** | **188 m.kr** |

Rekstrarhagnaður EBITDA er 715 m.kr en var 618 m.kr. árið á undan

Hagnaður eftir skatt er 244 m.kr en var 188 m.kr. árið 2019

# Rekstur 2020

| | 2020 | 2019 | % |
|---|---|---|---|
| Rekstrartekjur | 3.106,8 | 2.892,3 | 7% |
| **Rekstrartekjur samtals** | **3.106,8** | **2.892,3** | **7%** |
| Kostnaðarverð seldra vara | (1.334,6) | (1.242,6) | 7% |
| Laun og launatengd gjöld | (926,1) | (895,1) | 3% |
| Annar rekstrarkostnaður | (131,1) | (136,5) | -4% |
| **EBIDTA** | **715,0** | **618,2** | **16%** |
| Afskriftir | (377,7) | (359,8) | 5% |
| **EBIT** | **337,3** | **258,4** | **31%** |
| Vaxtatekjur | 83,0 | 59,6 | 39% |
| Vaxtagjöld | (99,4) | (87,6) | 14% |
| **Hagnaður fyrir skatta** | **320,9** | **230,4** | **39%** |
| Tekjuskattur | (77,2) | (42,6) | 81% |
| **Hagnaður (tap) tímabilsins** | **243,7** | **187,9** | **30%** |

# Þróun rekstrarafkomu



# Efnahagur og stjóðstreymi

| | |
|---|---|
| Eigið fé | 6.311 m.kr. |
| Heildarskuldir | 3.385 m.kr. |
| **Heildareignir** | **9.258 m.kr.** |

Þar af vaxtaberandi skuldir **1.680 m.kr.**

| | |
|---|---|
| **Veltufé frá rekstri** | **806 m.kr.** |
| **Fjárfesting 2020** | **726 m.kr.** |

Eigið fé 68 %

Sterk eiginfjárstaða fyrirtækisins nýtt til að bæta kerfið

Fjárfestingin er heldur meiri en veltufé frá rekstri

ORKUBÚ VESTFJARÐA


Fjárfesting , veltufé frá rekstri og hagnaður eftir skatt
1.200
1.000
800
600
400
200
0
1094
779
671
716
667
682
654
726
615
596
572
413
531
402
498
503
586
711
622
806
230
277
224
90
125
96
174
244
200
244
2011
2012
2013
2014
2015
2016
2017
2018
2019
2020
Hagnaður ársins eftir skatt
Veltufé frá rekstri
Fjárfesting ársins

ORKUBÚ VESTFJARÐA

# Ársreikningur 2020 borinn upp til samþykktar

# Dagskrá

1. Skýrsla stjórnar
2. Skýrsla orkubússtjóra
3. Ársreikningur félagsins vegna ársins 2019
4. **Stjórnarkjör**
5. Kjör endurskoðenda
6. Ráðstöfun á hagnaði ársins 2019
7. Laun stjórnar
8. Starfskjarastefna fyrir Orkubú Vestfjarða
9. Önnur mál, löglega upp borin

ORKUBÚ VESTFJARÐA

# Tillaga 1
# Stjórnarkjör

# Tilnefning í stjórn Orkubús Vestfjarða ohf

## Aðalstjórn

Illugi Gunnarsson

Friðbjörg Matthíasdóttir

Elsa Kristjánsdóttir

Gísli Kristjánsson

Eiríkur Valdimarsson

## Varamenn

Ragnheiður Hákonardóttir

Steinþór Bjarni Kristjánsson

Magni Hreinn Jónsson

Viktoría Rán Ólafsdóttir

Eysteinn Jónsson

Fullgild rafræn undirskrift
JÓN GUNNAR VILHELMSSON
2021-05-20 13:46:46 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
SIGURÐUR HELGI HELGASON
2021-05-20 14:13:32 GMT
Ástæða: Undirskrift

FJÁRMÁLA- OG EFNAHAGSRÁÐUNEYTIÐ

Arnarhvoli 101 Reykjavík
sími: 545 9200 postur@fjr.is
fjr.is

Til aðalfundar Orkubús Vestfjarða ohf
21. maí 2021

Reykjavík 20. maí 2021
Tilv.: FJR21050011/11.4.15

Efni: Stjórn Orkubús Vestfjarða ohf.

Fjármála- og efnahagsráðherra gerir neðangreinda tillögu um aðalmenn og varamenn í stjórn Orkubús Vestfjarða ohf. frá aðalfundi 2021 til aðalfundar 2022.

Aðalmenn:

| | | |
|---|---|---|
| Illugi Gunnarsson | kt. 260867-5559 | 108 Reykjavík |
| Friðbjörg Matthíasdóttir | kt. 060269-4329 | 465 Bíldudalur |
| Elsa Kristjánsdóttir | kt. 240787-2619 | 101 Reykjavík |
| Gísli Jón Kristjánsson | kt. 180762-4779 | 400 Ísafjörður |
| Eiríkur Valdimarsson | kt. 121182-5489 | 510 Hólmavík |

Varamenn:

| | | |
|---|---|---|
| Ragnheiður Hákonardóttir | kt. 180354-3369 | 400 Ísafjörður |
| Steinþór Bjarni Kristjánsson | kt. 100166-3569 | 426 Flateyri |
| Magni Hreinn Jónsson | kt. 291283-2769 | 400 Ísafjörður |
| Viktoría Rán Ólafsdóttir | kt. 280773-3289 | 510 Hólmavík |
| Eysteinn Jónsson | kt. 130941-2309 | 220 Hafnarfjörður |

Fyrir hönd ráðherra

Sigurður H. Helgason    Jón Gunnar Vilhelmsson

# Dagskrá

1. Skýrsla stjórnar
2. Skýrsla orkubússtjóra
3. Ársreikningur félagsins vegna ársins 2020
4. Stjórnarkjör
5. **Kjör endurskoðenda**
6. Ráðstöfun á hagnaði ársins 2020
7. Laun stjórnar
8. Starfskjarastefna fyrir Orkubú Vestfjarða
9. Önnur mál, löglega upp borin

ORKUBÚ VESTFJARÐA

# Tillaga 2
# Kjör endurskoðanda

# Tillaga 2
## Endurskoðandi fyrir Orkubú Vestfjarða

Í 14. grein samþykkta Orkubús Vestfjarða ohf. segir í 3. lið að á aðalfundi skuli kjörnir endurskoðendur fyrir fyrirtækið.

Skv. c-lið 1. mgr. 4. gr. laga nr. 46/2016 skal ríkisendurskoðandi endurskoða ársreikninga hlutafélaga og sameignarfélaga þar sem ríkið á helmingshlut eða meira.
Í 7. gr. sömu laga segir:
Ríkisendurskoðanda er heimilt fyrir hvern aðalfund eða ársfund félags í meirihlutaeigu ríkisins að tilnefnda endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki til þess að annast endurskoðun ársreikninga félaga skv. c-lið 1. mgr. 4.gr.

**Stjórn leggur til að ríkisendurskoðandi verði kjörinn endurskoðandi fyrir Orkubú Vestfjarða.**

Ísafirði 21. maí 2021

ORKUBÚ VESTFJARÐA

# Dagskrá

1. Skýrsla stjórnar
2. Skýrsla orkubússtjóra
3. Ársreikningur félagsins vegna ársins 2020
4. Stjórnarkjör
5. Kjör endurskoðenda
6. **Ráðstöfun á hagnaði ársins 2020**
7. Laun stjórnar
8. Starfskjarastefna fyrir Orkubú Vestfjarða
9. Önnur mál, löglega upp borin

ORKUBÚ VESTFJARÐA

# Tillaga 3
# Ráðstöfun hagnaðar

ORKUBÚ VESTFJARÐA

# Tillaga 3
## Ráðstöfun á hagnaði ársins 2019

Í 14. grein samþykkta Orkubús Vestfjarða ohf segir í 4. lið að á aðalfundi skuli tekin ákvörðun um hvernig fara skuli með hagnað eða tap og um arð og framlög í varasjóð.

Á árinu 2020 varð hagnaður af rekstri Orkubús Vestfjarða ohf. sem nam 244 milljónum króna samkvæmt rekstrareikningi.

**Stjórn félagsins leggur til að ekki verði greiddur arður vegna rekstrarársins 2020 og hagnaður verði lagður við höfuðstól.**

Ísafirði 21. maí 2021
Stjórn Orkubús Vestfjarða ohf

ORKUBÚ VESTFJARÐA

# Dagskrá

1. Skýrsla stjórnar
2. Skýrsla orkubússtjóra
3. Ársreikningur félagsins vegna ársins 2020
4. Stjórnarkjör
5. Kjör endurskoðenda
6. Ráðstöfun á hagnaði ársins 2020
7. **Laun stjórnar**
8. Starfskjarastefna fyrir Orkubú Vestfjarða
9. Önnur mál, löglega upp borin

ORKUBÚ VESTFJARÐA

# Tillaga 4
# Laun stjórnar

ORKUBÚ VESTFJARÐA

# Tillaga 4
# Laun stjórnar Orkubús Vestfjarða ohf

Í 14. grein samþykkta Orkubús Vestfjarða ohf segir í 5. lið að á aðalfundi skuli tekin skuli ákvörðun um laun stjórnarmanna fyrir störf þeirra á starfsárinu.

Lagt er til að laun stjórnar fyrir komandi starfsár verði sem hér segir:

| | Laun voru | **Laun verða** |
|---|---|---|
| **Stjórnarformaður** | 260.000,- | **270.000 krónur á mánuði** |
| **Stjórnarmaður** | 130.000,- | **135.000 krónur á mánuði** |
| **Varamaður** | 59.000.- | **61.000 krónur fyrir hvern fund sem viðkomandi mætir á** |

**Orkubú Vestfjarða ohf. greiðir ferða- og uppihaldskostnað stjórnarmanna vegna stjórnarstarfa**

Ísafirði 21.maí 2021
Stjórn Orkubús Vestfjarða

ORKUBÚ VESTFJARÐA

# Dagskrá

1. Skýrsla stjórnar
2. Skýrsla orkubússtjóra
3. Ársreikningur félagsins vegna ársins 2020
4. Stjórnarkjör
5. Kjör endurskoðenda
6. Ráðstöfun á hagnaði ársins 2020
7. Laun stjórnar
8. **Starfskjarastefna fyrir Orkubú Vestfjarða**
9. Önnur mál, löglega upp borin

ORKUBÚ VESTFJARÐA

# Tillaga 5

ORKUBÚ VESTFJARÐA

**STARFSKJARASTEFNA**

**fyrir Orkubú Vestfjarða ohf.**

**1.gr Tilgangur.**

Starfskjarastefnu Orkubús Vestfjarða ohf samkvæmt 79. gr. a. laga nr. 2/1995 um hlutafélög skal setja og samþykkja árlega á aðalfundi félagsins. Markmið starfskjarastefnu er að gera starf hjá félaginu eftirsóknarvert og stuðla að heilbrigðum rekstri félagsins til lengri tíma litið. Starfskjöl stjórnenda og annarra starfsmanna félagsins verði samkeppnishæf og í samræmi við eigendastefnu ríkissjóðs í hlutafélögum í eigu ríkissjóðs.

**2.gr Starfskjaranefnd**.

Stjórn félagsins skal kjósa þrjá menn úr sínum hópi í starfskjaranefnd. Hlutverk nefndarinnar er að vera leiðbeinandi fyrir stjórn um starfkjör stjórnarmanna og æðstu stjórnenda félagsins og ráðgefandi um starfskjarastefnu, sem tekin skal til endurskoðunar ár hvert og lögð fyrir aðalfund. Skal nefndin jafnframt fylgjast eð að starfskjör æðstu stjórnenda séu innan ramma starfskjaranefndarinnar og innan ákvæða laga og gefa stjórn skýrslu þar um árlega í tengslum við aðalfund.

**3.gr Kjör stjórnarmanna.**

Stjórnarmenn skulu fá greidda fasta mánaðarlega þóknun fyrir stjörf sín. Þóknun stjórnarmanna og varamanna þeirra skal ákveða á aðalfundi ár hvert. Gerir stjórnin tillögu um stjórnarlaun fyrir komandi starfsár og skal í þeim efnum taka mið af þeirri ábyrgð sem á stjórnarmönnum hvílir, þeim tíma sem varið er til stjórnarstarfa og afkomu félagsins.

**4.gr Starfskjör orkubússtjóra.**

Gera skal skriflegan ráðningarsamning við orkubússtjóra. Grunnlaun og aðrar greiðslur til orkubússtjóra skulu vera samkeppnishæfar við sambærileg fyrirtæki en þó ekki leiðandi og við ákvörðun launa sé tekið mið af hæfni , ábyrgð, umfangi starfsins og stöðu félagsins.

**5.gr Starfskjör framkvæmdastjóra.**

Orkubússtjóri ræður framkvæmdastjóra einstakra sviða félagsins í samráði við stjórn félagsins. Grunnlaun og aðrar greiðslur til framkvæmdastjóra skulu vera samkeppnishæf við sambærileg fyrirtæki, en þó ekki leiðandi og taka mið af hæfni, ábyrgð og umfangi starfans. Grunnlaun framkvæmdastjóra skuli endurskoðuð árlega og skal við slíka endurskoðun höfð hliðsjón af mati stjórnar á frammistöðu hans, þróun launakjara almennt í sambærilegum fyrirtækjum og afkomu félagsins. Við gerð ráðningarsamnings við framkvæmdastjóra skal haft að leiðarljósi að ekki komi til frekari greiðslna við starfslok en fram koma í ráðningarsamningi. Heimilt er þó við sérstök skilyrði að mati stjórnar og starfskjaranefndar að gera sérstakan starfslokasamning við starfslok framkvæmdastjóra.

**6.gr Upplýsingagjöf.**

Á aðalfundi félagsins skulu hluthafar upplýstir um heildarfjárhæð greiddra launa til stjórnarmanna, orkubússtjóra og framkvæmdastjóra á á liðnu starfsári, föst laun, auk heildarfjárhæðar annarra greiðslna sbr. niðurlag 4.mgr.79.gr.a í lögum um hlutafélög nr. 2/1995

**7.gr Samþykkt starfskjarastefnu.**

Þessi starfskjarastefna Orkubús Vestfjarða ohf. er leiðbeinandi fyrir félagið og stjórn þess, mæli lög ekki fyrir um annað og tekur í aðalatriðum til þeirra þátta sem nefndir eru hér að ofan. Starfskjarastefnan skal samþykkt á aðalfundi félagsins með eða án breytinga. Hafi verið vikið frá starfskjarastefnunni í veigamiklum atriðum skal stjórn félagsins færa slík frávik til bókar í fundargerðarbók ásamt rökstuðningi. Skal og gera næsta aðalfundi grein fyrir slíkum frávikum.

Þannig samþykkt í stjórn Orkubús Vestfjarða ohf.
Ísafirði 21. maí 2021

ESTFJARÐA

# Tillaga 5
# Tillaga um starfskjarastefnu

Stjórn leggur til að starfskjarastefna Orkubús Vestfjarða verði samþykkt óbreytt.

ORKUBÚ VESTFJARÐA

# Dagskrá

1. Skýrsla stjórnar
2. Skýrsla orkubússtjóra
3. Ársreikningur félagsins vegna ársins 2020
4. Stjórnarkjör
5. Kjör endurskoðenda
6. Ráðstöfun á hagnaði ársins 2020
7. Laun stjórnar
8. Starfskjarastefna fyrir Orkubú Vestfjarða
9. **Önnur mál, löglega upp borin**

ORKUBÚ VESTFJARÐA

# Önnur mál